

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2015

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 700269-3299

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2015

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-25

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsstillaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðu ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsstillaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Vestmannaeyjar, 23. júní 2016

Deloitte ehf.


Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Grant Thornton endurskoðun ehf.


Theodór S. Sigurbergsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Vinnslustöðin hf. er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem voru níu í lok ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 109,4 milljónum evra á árinu. Hagnaður af rekstrinum nam 10 milljónum evra. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 168,6 milljónum evra í lok ársins 2015. Eigið fé í lok ársins nam 60,2 milljónum evra. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 35,67%. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum samstæðunnar.

Í lok ársins voru 254 hluthafar í félaginu en voru 247 í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafarnir í lok árs voru: Seil ehf. 39,30%, Stilla útgerð ehf. 25,02%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja 5,64%, Guðmundur Kristjánsson 4,02%, Kristín Elín Gísladóttir 3,33%, Elínborg Jónsdóttir 2,42%, Selma Jóhannsdóttir 2,04%, Guðrún Birna Leifsdóttir 1,98%, Elín Laufey Leifsdóttir 1,98% og KG fiskverkun ehf. 1,85%.


Í stjórn félagsins sitja þrír karlmenn og tvær konur. Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 8 milljónir í evrum til hluthafa á árinu 2016, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 23. júní 2016


Í stjórn


Guðmundur Örn Gunnarsson
stjórnarformaður


Guðmundur Kristjánsson


Rut Haraldsdóttir


Einar Þór Sverrisson
varaformaður


Íris Róbertsdóttir

Framkvæmdastjóri


Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Rekstrarreikningur ársins 2015

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	2015	2014	2015	2014
Rekstrartekjur	109.350.413	84.291.961	99.028.781	75.250.668
Kostnaðarverð seldra vara	(55.726.028)	(40.832.394)	(51.468.262)	(37.538.085)
Framlegð	53.624.385	43.459.567	47.560.519	37.712.583
Aðrar tekjur	590.358	1.120.110	639.962	1.120.110
Veiðigjald	6 (3.401.423)	(3.375.080)	(3.401.423)	(3.317.494)
Laun og annar starfsmannakostnaður	(27.414.515)	(23.281.853)	(23.813.602)	(20.237.950)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.730.939)	(1.951.962)	(1.454.095)	(1.493.743)
Annar rekstrarkostnaður	(1.034.763)	(1.260.827)	0	0
Afskriftir	9 (4.164.051)	(2.260.671)	(4.063.569)	(2.185.529)
Rekstrarhagnaður	16.469.052	12.449.284	15.467.792	11.597.977
Fjármunatekjur	129.959	168.361	119.385	381.761
Fjármagnsgjöld	(2.803.024)	(2.919.501)	(2.681.235)	(2.423.876)
Gengismunur	(2.037.412)	(657.612)	(1.807.665)	(652.000)
	7 (4.710.477)	(3.408.752)	(4.369.515)	(2.694.115)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	12 115.689	116.103	700.689	214.733
Hagnaður fyrir skatta	11.874.264	9.156.635	11.798.966	9.118.595
Tekjuskattur	8 (1.922.620)	(1.938.688)	(1.786.033)	(1.916.734)
Hagnaður ársins	9.951.644	7.217.947	10.012.933	7.201.861

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2015	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	35.767.179	26.286.882	32.133.098	25.066.221
Fiskveiðiheimildir	10	71.238.789	67.019.104	71.238.789	54.584.596
Eignarhlutar í dótturfélögum	11	0	0	3.729.626	7.144.096
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	12	8.604.841	8.047.551	8.604.841	8.047.551
Fjárfestingaverðbréf	13	998.344	1.146.632	991.932	179.600
Langtímakröfur á tengda aðila	21	5.731.344	5.430.430	8.352.570	6.659.585
		<u>122.340.497</u>	<u>107.930.599</u>	<u>125.050.856</u>	<u>101.681.649</u>
Veltufjármunir					
Vörubirgðir	15	13.219.567	12.184.065	11.663.920	10.452.035
Viðskiptakröfur	16	12.819.265	8.697.367	6.229.240	5.358.560
Fastafjármunir til sölu	14	1.758.557	0	1.758.557	0
Kröfur á tengd félög	21	986.419	476.313	9.700.923	9.548.919
Fyrirframgreiddur kostnaður		295.810	552.089	149.766	191.592
Aðrar skammtímakröfur	16	1.104.137	946.913	1.002.553	883.808
Markaðsverðbréf		997.526	833.141	997.526	833.141
Handbært fé	16	15.115.764	10.564.872	12.802.520	7.088.035
		<u>46.297.045</u>	<u>34.254.760</u>	<u>44.305.005</u>	<u>34.356.090</u>
Eignir		<u>168.637.542</u>	<u>142.185.359</u>	<u>169.355.861</u>	<u>136.037.739</u>

31. desember 2015

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2015	31.12.2014	31.12.2015	31.12.2014
Eigið fé					
Hlutfé		17.770.167	17.771.155	17.770.167	17.771.155
Yfirverðsreikningur hlutfjár		6.745.505	6.745.505	6.745.505	6.745.505
Lögbundinn varasjóður		4.442.789	4.442.789	4.442.789	4.442.789
Þýðingarmunur		2.178.527	1.513.475	2.179.173	1.514.121
Óráðstafað eigið fé		29.020.055	26.988.891	29.138.686	27.125.752
Eigið fé	17	<u>60.157.043</u>	<u>57.461.815</u>	<u>60.276.320</u>	<u>57.599.322</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Skuldir við lánastofnanir	18	49.004.388	55.642.625	49.004.388	48.926.833
Tekjuskattsskuldbinding	19	12.605.943	10.840.759	12.675.382	11.004.166
		<u>61.610.331</u>	<u>66.483.384</u>	<u>61.679.770</u>	<u>59.930.999</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	20	7.743.316	3.046.207	6.912.537	2.579.105
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	31.312.000	8.716.773	31.312.000	8.429.000
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	3.018.743	2.544.472	2.917.415	2.492.093
Skuldir við tengd félög	21	150.782	5.078	2.146.411	1.429.603
Aðrar skammtímaskuldir	20	4.645.327	3.927.630	4.111.408	3.577.617
		<u>46.870.168</u>	<u>18.240.160</u>	<u>47.399.771</u>	<u>18.507.418</u>
Skuldir		<u>108.480.499</u>	<u>84.723.544</u>	<u>109.079.541</u>	<u>78.438.417</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>168.637.542</u></u>	<u><u>142.185.359</u></u>	<u><u>169.355.861</u></u>	<u><u>136.037.739</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2015	2014	2015	2014
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður		16.469.052	12.449.284	15.467.792	11.597.977
Afskriftir fastafjármuna	9	4.164.051	2.260.671	4.063.569	2.185.529
Sölugjafi (hagnaður) fastafjármuna		0	212.384	(27.055)	212.384
Áhrif samruna		0	(822.400)	0	(822.400)
Breyting niðurfærslu eigna		56.442	758.884	11.909	645.685
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		20.689.545	14.858.823	19.516.215	13.819.175
Vörubirgðir (hækkun) lækkun		(1.035.502)	(653.807)	(1.211.885)	(1.246.304)
Aðrar rekstrart. eignir (hækkun) lækkun		(4.148.758)	5.138.225	(942.734)	3.468.891
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		4.266.442	(1.064.933)	4.741.931	(821.608)
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		19.771.727	18.278.308	22.103.527	15.220.154
Innborgaðir vextir og arður		229.412	415.248	171.902	277.349
Greiddir vextir		(2.824.110)	(3.056.958)	(2.673.095)	(2.390.467)
Gengismunur		921.110	679.019	1.138.544	702.466
Greiddir skattar		(2.551.536)	(3.588.949)	(2.492.093)	(3.476.713)
Handbært fé frá rekstri		15.546.604	12.726.668	18.248.785	10.332.789
Fjárfestingahreyfingar					
Arður frá hlutdeildarfélögum	12	638.625	580.536	638.625	580.536
Fjárfest í dóttur- og hlutdeildarfélögum		(199.707)	(353.049)	(449.707)	(353.049)
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(15.310.288)	(2.283.351)	(14.062.176)	(2.161.067)
Keyptar fiskveiðiheimildir		(1.378.514)	(773.246)	(1.378.514)	(773.246)
Keypt/seld verðbréf		5.230	33.165	(5.019)	0
Hækkun/(lækkun) á kröfum á tengd félög		521.992	(362.713)	(2.860.262)	(1.365.626)
Breyting á skuldab.eign við tengd félög		(260.010)	0	(260.010)	
Handbært fé vegna kaupa dótturfélaga		0	567.987	0	0
Handbært fé vegna samruna	22	0	0	25.113	2.563.358
		(15.982.671)	(2.590.671)	(18.351.950)	(1.509.094)
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður		(8.000.000)	(8.419.983)	(8.000.000)	(8.419.983)
Nýjar langtímaskuldir		22.024.424	11.029.345	22.024.424	11.029.345
Afborganir langtímaskulda		(9.200.646)	(7.898.173)	(8.923.582)	(7.612.297)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög		131.943	(1.132.758)	716.808	1.344.368
		4.955.721	(6.421.569)	5.817.650	(3.658.567)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		4.519.653	3.714.428	5.714.485	5.165.128
Handbært fé í upphafi árs		10.564.872	6.823.509	7.088.035	1.922.907
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		31.239	26.935	0	0
Handbært fé í lok árs	16	15.115.764	10.564.872	12.802.520	7.088.035

1. Starfsemi

Ársreikningur samstæðu Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2015 hefur að geyma ársreikning félagsins, dótturfélaga þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið sem er útgerðar og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur var stofnað árið 1946 og er staðsett í Vestmannaeyjum. Það gerir út þrjú togskip, einn netabát og þrjú uppsjávarveiðiskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun, humarvinnslu og frystingu bolfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Samstæðan er með skipaafgreiðslu og umboðssölu fyrir sölu og útflutning sjávarafurða. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum (að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagæringar eru færðir á gangvirði) og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Starfræktugjaldmiðill félagsins er evra.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarféлага. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Sameiningar

Sameiningar eru færðar eftir kaupaðferð en samkvæmt henni er mismunur á gangvirði og kaupverði eigna og skulda hins yfirtekna félags færður sem viðskiptavild.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá samstæðunni.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Kaupgengi í árslok	
	2015	2014	31.12.2015	31.12.2014
Íslensk króna (ISK)	0,0068	0,0065	0,0071	0,0065
Bandaríkjadalur (USD)	0,9013	0,7539	0,9173	0,8229
Sterlingspund (GBP)	1,3778	1,2409	0,6599	1,2817
Kanadadalur (CAD)	0,1341	0,6826	1,3595	0,7103
Dönsk króna (DKK)	0,1120	0,1341	0,1340	0,1343
Norsk króna (NOK)	0,1069	0,1197	0,1043	0,1111
Sænsk króna (SEK)	0,9375	0,1100	0,1089	0,1066
Svissneskur franki (CHF)	0,7067	0,8233	0,9234	0,8316
Japanskt jen (JPY)	0,0074	0,0071	0,0076	0,0069

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að fráðregnum áætluðum sölukostnaði. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Veiðarfæri eru metin sem helmingur nývirðis. Birgðabreyting afurða móðurfélagsins er færð meðal rekstrartekna.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Rekstrartekjur

Í stjórnunarlegum tilgangi er rekstri félagsins skipt í landvinnslu og útgerð. Annar rekstur félagsins er það líttill að umfangi að honum er ekki skipt upp.

Samstæða	Landvinnsla	Útgerð	Vörusala	Eigin afli	Samtals
Rekstrartekjur ársins 2015	69.066.884	37.573.316	30.813.562	(28.103.349)	109.350.413
Rekstrartekjur ársins 2014	60.381.559	28.212.506	35.991.067	(40.293.171)	84.291.961
Móðurfélag	Landvinnsla	Útgerð	Vörusala	Eigin afli	Samtals
Rekstrartekjur ársins 2015	65.622.433	37.573.316	23.936.381	(28.103.349)	99.028.781
Rekstrartekjur ársins 2014	58.221.453	27.746.303	8.422.008	(19.139.096)	75.250.668

4. Rekstrarreikningur án umboðssölu

Móðurfélagið selur fiskimjöl og lýsi í umboðssölu fyrir önnur fyrirtæki. Áhættan og ávinningurinn af sölu liggur hjá Vinnslustöðinni og því er ekki um eiginlega umboðssölu að ræða. Hér er rekstrarreikningur móðurfélagsins sýndur eins og hann er í ársreikningnum og án umboðssölu, þar sem aðeins eru tekjufærð nettóáhrif umboðssölnnar.

	Móðurfélag með umboðssölu		Móðurfélag án umboðssölu	
	2015	2014	2015	2014
Rekstrartekjur.....	99.028.781	75.250.668	75.092.400	66.851.425
Aðrar tekjur.....	639.962	1.120.110	639.962	1.120.110
Kostnaðarverð seldra vara.....	(51.468.262)	(37.538.085)	(27.531.881)	(29.138.842)
Veiðigjald.....	(23.813.602)	(20.237.950)	(23.813.602)	(20.237.950)
Laun og annar starfsmannakostnaður.....	(3.401.423)	(3.317.494)	(3.401.423)	(3.317.494)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	(1.454.095)	(1.493.743)	(1.454.095)	(1.493.743)
Afskriftir fastafjármuna.....	(4.063.569)	(2.185.529)	(4.063.569)	(2.185.529)
Rekstrarhagnaður.....	15.467.792	11.597.977	15.467.792	11.597.977

5. Veiðigjald

Félagið greiddi 758 milljónir króna í veiðigjald vegna fiskveiðiársins 2012/2013, 516 milljónir króna í veiðigjald vegna fiskveiðiársins 2013/2014, og 811 milljónir í veiðigjald vegna fiskveiðiársins 2014/2015. Félagið áætlað að greiða 865 milljónir í veiðigjald vegna fiskveiðiársins 2015/2016. Skuld vegna veiðigjaldsins sem færð er í ársreikninginn á meðal annarra skammtímaskulda myndast vegna þess að félagið gjaldfærir veiðigjald eftir veiddu magni. Hlutdeildarfélagið Huginn ehf. greiðir einnig veiðigjöld.

	ISK Almennt	ISK Sérstakt	ISK Samtals	EUR Samtals
Samtals bolfiskur og uppsjávarfiskur:				
Fiskveiðiárið 2015/2016 - áætlað.....	345.061.586	0	345.061.586	2.358.589
Fiskveiðiárið 2014/2015.....	416.615.494	394.112.743	810.728.237	5.235.223
Fiskveiðiárið 2013/2014.....	175.512.546	340.201.751	515.714.297	3.175.972
Fiskveiðiárið 2012/2013.....	206.814.524	551.237.515	758.052.039	4.678.524
Fiskveiðiárið 2011/2012.....	191.608.144	0	191.608.144	1.196.758
Fiskveiðiárið 2010/2011.....	130.334.322	0	130.334.322	817.080
Bolfiskur:				
Fiskveiðiárið 2015/2016 - áætlað.....	147.435.348	0	147.435.348	1.007.760
Fiskveiðiárið 2014/2015.....	255.945.005	160.441.025	416.386.030	2.688.790
Fiskveiðiárið 2013/2014.....	112.777.397	87.610.230	200.387.627	1.234.066
Fiskveiðiárið 2012/2013.....	104.800.705	255.934.353	360.735.058	2.226.374
Fiskveiðiárið 2011/2012.....	87.452.910	0	87.452.910	546.219
Fiskveiðiárið 2010/2011.....	66.667.386	0	66.667.386	417.945
Uppsjávarfiskur:				
Fiskveiðiárið 2015/2016 - áætlað.....	197.626.238	0	197.626.238	1.350.829
Fiskveiðiárið 2014/2015.....	160.670.489	233.671.718	394.342.207	2.546.433
Fiskveiðiárið 2013/2014.....	62.735.149	252.591.521	315.326.670	1.941.906
Fiskveiðiárið 2012/2013.....	102.013.819	295.303.162	397.316.981	2.452.150
Fiskveiðiárið 2011/2012.....	104.155.234	0	104.155.234	650.539
Fiskveiðiárið 2010/2011.....	63.666.936	0	63.666.936	399.135

Félagið veiddi 37.542 tonn af loðnu fiskveiðiárið 2014/2015 samanborið við 8.270 tonn veidd á fiskveiðiarinu 2013/2014.

Félagið hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu vegna sérstaka veiðigjaldsins, en það telur álagningu gjaldsins ólögmæt og að það fari í bága við stjórnarskrána nr. 33/1944. Íslenska ríkið var sýknað af kröfum félagsins í Hérðasdómi en málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Vinni félagið málið mun það hafa töluverð jákvæð áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

Skýringar

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	Samstæða		Móðurfélag	
	2015	2014	2015	2014
Laun	22.269.544	19.119.532	19.426.848	16.650.257
Lífeyrissjóður	2.164.698	1.838.854	1.873.711	1.595.262
Önnur launatengd gjöld	2.511.775	1.920.725	2.170.989	1.684.486
Annar starfsmannakostnaður	468.498	402.742	342.054	307.945
	<u>27.414.515</u>	<u>23.281.853</u>	<u>23.813.602</u>	<u>20.237.950</u>
Meðalfjöldi starfa	361	357	312	325

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda móðurfélagsins á árinu 2015 námu 736 þúsundum evra.

7. Fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og gengismunur

Fjármunatekjur greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2015	2014	2015	2014
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	131.970	319.285	177.161	335.450
Söluhagnaður (tap) hlutabréfa	(29.378)	19.838	(27.669)	2.816
Arður af hlutabréfacign	42.309	38.462	42.309	9.647
Verðbreytingar verðbréfa	(72.416)	(262.728)	(72.416)	33.848
Aðrar vaxtatekjur	57.474	53.504	0	0
	<u>129.959</u>	<u>168.361</u>	<u>119.385</u>	<u>381.761</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(2.374.107)	(2.415.826)	(2.374.107)	(2.084.697)
Lántökukostnaður	(244.416)	(87.262)	(244.416)	(87.264)
Breyting á niðurfærslu hlutabréfa	24.751	(194.925)	24.751	(194.925)
Þinglýsingar	(29.330)	0	0	0
Önnur vaxtagjöld	(179.922)	(221.488)	(87.463)	(56.990)
	<u>(2.803.024)</u>	<u>(2.919.501)</u>	<u>(2.681.235)</u>	<u>(2.423.876)</u>
Gengismunur	<u>(2.037.412)</u>	<u>(657.612)</u>	<u>(1.807.665)</u>	<u>(652.000)</u>
	<u>(4.710.477)</u>	<u>(3.408.752)</u>	<u>(4.369.515)</u>	<u>(2.694.115)</u>

Skýringar

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi um 1,9 milljónum evra. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016 nemur 3,0 milljónum evra.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Samstæða	2015		2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	11.874.264		9.156.635	
Skatthlutfall	2.374.853	20,0%	1.831.327	20,0%
Fenginn arður	(8.462)	-0,1%	(7.692)	-0,1%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	(23.138)	-0,2%	(42.947)	-0,5%
Leiðréttingar fyrri ára	0	0,0%	312.328	3,4%
Áhrif skattaútreikninga úr ISK í EUR	0	0,0%	(9.053)	-0,1%
Áhrif samruna	(419.028)	-3,5%	(200.711)	-2,2%
Aðrir liðir	(1.605)	0,0%	55.436	0,6%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	1.922.620	16,2%	1.938.688	21,2%
Móðurfélag	2015		2014	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
